

Tillaga að auglýsingu

um verndarsvæði á Suðurlandi - vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktun nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa vatnasvið vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 56.418 hektarar að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnasvið Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B gegn orkuvinnslu.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.¹

4. gr.

Mannvirkjagerð og orkurannsóknir

Orkuvinnsla innan marka verndarsvæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra

¹ Hnitaskrá verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is, eigi síðar en 24. október 2018. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Marta Bjarnadóttir í síma 5912000.